

110. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi miðvikudaginn 20. apríl 2022. Fundur hófst kl. 16:10.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir, Jóhann Már Kristinsson framkvæmdastjóri.

#### **Dagskrá:**

**1. Gjaldskrá.** Jóhann fór yfir gildandi gjaldskrá hússins sem ljóst er að þarfnast endurskoðunar. Honum falið að leggja drög að breytingum og leggja fyrir stjórn.

**2. Upplýsingar um stöðu fjármála.** Umræða um mikilvægi þess að vita stöðuna á hverjum tíma. Ákveðið að forstöðumaður óski eftir að fá upplýsingar um stöðu fjármála skv. bókhaldi á 1-2ja mánaða fresti.

**3. Framkvæmdastjóri.** Jóhanni hefur boðist 100% starf hjá öðru fyrirtæki. Hann hefur því ákveðið að segja stöðu sinni lausri og mun hverfa frá störfum þegar búið verður að ráða annan í hans stað.

**4. Veitingarekstur.** Miklar umræður um veitingareksturinn í húsinu og mikilvægi hans. Ákveðið að auglýsa eftir rekstraraðila að kaffihúsinu.

#### **5. Viðhald.**

**a) Hljóðkerfi hússins.** Hljóðkerfið þarfnast lagfæringar eða endurnýjunar. Forstöðumanni falið að finna einföldustu lausnina á því máli.

**b) Salur.** Gólfið verður þússað upp og lakkað í sumar. Gert í samstarfi við Eignasvið Dalvíkurbyggðar. Von er á tilboði í endurbætur á gluggatjöldum í sal.

**c) Aðaldyr.** Útidyrhurðin við aðalinngang er ekki nógu traust til að þola veður og vinda sem á henni dýnja. Unnið er að því að finna lausn á því.

**6. Aðalfundur.** Aðalfundur Menningarfélagsins Bergs ses verður haldinn undir lok maímánaðar, dagsetning ekki endanlega ákveðin.

**7. Kjör framkvæmdastjóra.** Hin mikla starfsemi í húsinu í mars og apríl sýnir að samningsbundinn vinnutími framkvæmdastjóra dekkar alls ekki vinnutíma hans. Jóhanni falið að taka saman unnar stundir og einnig fjárhæð sértekna fyrir sama tímabil og leggja fyrir stjórnina áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

Fundi slitið kl. 18:00.